

24. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 14. október og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Breyting á dagskrá, 4 dagskrárliður „Ásaljós“ var tekin fyrir í upphafi fundar sem fyrsti dagskrárliður. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur.

Fyrir var tekið:

1. Ásaljós

Undir þessum lið mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri Ásaljóss og kynnti gang mála í lagningu ljósleiðara.

Fjárhagsleg staða ljósleiðaraverkefnisins er á núverandi tímamarki innan þess ramma sem kynnt var fyrir hreppsnefnd á 19. fundi hreppsnefndar þann 18.5.2015. Ljósleiðarlagningu í áfanga 1 og 2 í verkefninu, sem innihalda fimmtíu og átta tengistaði, er lokið. Áfanga 3 lýkur á næstu dögum og þá verða tuttugu og fjórir tengistaðir til viðbótar tengdir. Vinna við áfanga 4 er að hefjast og áætlað er að um miðjan nóvember verði öll heimili í Ásahreppi tengd við ljósleiðarakerfið. Innan áfanga 4 eru heimili frá Þjóðvegi 1 að Króki, frá Þjóðvegi 1 að Herríðarhóli ásamt heimilum við Bugaveg. Fjarskiptafélögin Míla og Vodafone hafa staðfest að þau ætli að tengja ljósleiðarakerfi Ásaljóss við sitt fjarskiptakerfi og geta íbúar því pantað sér fjarskiptaþjónustu, hvort sem er síma, internet eða sjónvarpsþjónustu á næstu dögum.

Guðmundur vísar af fundi.

2. Fundargerð 23. fundar hreppsnefndar

Fundargerð 23. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 9. september s.l. yfirfarin.

3. Erindi til hreppsnefndar

- a) **Erindi frá N4 um þátttöku Ásahrepps í gerð 12 þáttaraðar „Að sunnan“. Beiðni um 250.000 kr. framlag. Jöfn umfjöllun verður um þau sveitarfélög sem taka þátt.**

Erindinu hafnað.

- b) **Áskorun frá aðalfundi Foreldrafélags Laugalandsskóla til sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps um að skipta um yfirborð/gervigras á sparkvellingum að Laugalandi.**

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir áhyggjur aðalfundar í ljósi upplýsinga um að dekkjakurl á fótboltavöllum innihalda krabbameinsvaldandi efni.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við Rangárþing ytra og leggja fram áætlun um endurnýjun á gervigrasi/gúmmíkurli svo gera megi ráð fyrir þessum kostnaðarlið í fjárhagsáætlun næsta árs.

Samþykkt.

- c) **Beiðni frá Kaupum til góðs og Umhyggju um kaup á ljósritunarpappír.**

Erindinu hafnað.

- d) **Beiðni frá Kolbrúnu Sigþórsdóttur um að styrkur verði veittur vegna keppnisferðar Sigþórs Helgasonar sem var nú á haustdögum valinn í landslið Íslands U19 í blaki. Dagana 13. - 15. október mun landsliðið taka þátt í Norðurlandamóti unglunga sem fram fer í IKAST í Danmörku.**

Samþykkt að veita 50.000 kr. styrk.

- e) **Beiðni frá framkvæmdastjóra Héraðssambandsins Skarphéðins vegna heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandssvæði HSK. Mótin sem um ræðir eru mótin í Haukadalsárið 1940, í Hveragerði árið 1949, á Laugarvatni árin 1965 og 1994 og á Selfossi árin 1978 og 2013. Óskað er eftir að sveitarfélagið kaupi fimm diska að upphæð 30.000 kr., hluti af fjárhæðinni er hugsaður sem styrkur.**

Samþykkt að kaupa fimm diska að upphæð 30.000 kr.

- f) **Beiðni frá Samtökum lungnasjúklinga um styrktarlínu í Fréttabréf Samtaka lungnasjúklinga, 1. tbl. 2015.**

Hafnað

- g) **Beiðni frá Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra um kaup á pakka með minnisbókum og/eða pennum.**

Hafnað

- h) **Beiðni frá Félagi eldri borgara í Rangárþingi um styrk á kaupum á keppnisbúningum fyrir Boccia lið Rangárþings.**

Samþykkt að veita 50.000 kr. styrk.

- i) **Kjörbréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna Árspings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Ásahreppur á tvo fulltrúa á þingið en öllum hreppsnefndarmönnum er heimilt að sækja þingið.**

Hreppsnefnd samþykkir að eftirtaldir aðilar verði fulltrúar Ásahrepps: Nanna Jónsdóttir og Brynja Jóna Jónasdóttir og til vara Elín Grétarsdóttir og Karl Ölvirsson

- j) **Beiðni um framlag til Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu að upphæð 20.000 kr.**

Samþykkt

- k) **Beiðni um fjárstyrk frá Ómari Smára Kristinssyni vegna vinnu við leiðarvísir fyrir hjóltreifafólk. Hjólabókina-5. Bók: Rangárvallasýsla.**

Samþykkt að veita 30.000 kr. styrk.

4. Fundargerðir

- a) **17. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Haldinn 16. sept. s.l. liður 2 og 3 þarfnast umfjöllunar.**

Liður 2. Staða mála varðandi ráðningu leikskólaráðgjafa.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að auglýst verði stöðugildi leikskólaráðgjafa við skólaþjónustudeildina.

Liður 3. Framtíðarsýn varðandi lögbundna náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á svæðinu.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að auglýst verði í stöðu náms- og starfsráðgjafa.

- b) **28. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 28. sept. s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- c) **171. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 9. okt. s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- d) **18. fundur Viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 30. sept. s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- e) **19. fundur Viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 1. okt. s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- f) **26. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn 10. sept. s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- g) **96. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 10. sept. s.l. mál nr. 12 og 13 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 14 er til kynningar**

Mál nr. 12. 1508060 - Ásborg lnr. 220762, Ás 1 spilda 2 lnr. 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232: Deiliskipulag

Lögð fram lýsing deiliskipulags sem nær til lögbýlisins Ásborg lnr. 220762 auk tveggja spildna úr landi Áss 1 (lnr. 220760 og 220762) í samræmi við afgreiðslu skipulagsnefndar 27. ágúst sl. Á hverri spildu

er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, bílskúr/gestahús og skemmu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi lýsingu og mælir með að sveitarstjórn samþykki að fela skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leita umsagnar Skipulagsstofnunar.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 13 1505014 - Lindarbær 1C: Austurtún: Deiliskipulag

Lagt fram að nýju að lokinni auglýsingu deiliskipulag fyrir 6 ha svæði úr landi Lindarbæjar 1C í Áshreppi þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsalóð og lóð fyrir hesthús/reiðskemmu. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi skipulagsnefndar 9. júlí 2015 og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur og Vegagerðina um framhald málsins. Í kjölfarið var gerð sú breyting á tillöggunni að aðkomuvegur að spildunni var færður og liggur nú sunnan og vestan bæjartorfu Vetleifsholts í samræmi við þinglýsta kvöð að sögn umsækjenda. Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar frá 1. september s.l. þar sem ekki er gerð athugasemd við breytta aðkomu.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að kynna breytta tillögu fyrir eigendum aðliggjandi lands.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 14 1509001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-13

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. sept. s.l.

h) 97. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 28. sept. s.l. mál nr. 11 og 12 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 32 er til kynningar

Mál nr. 11 1505032 - Hrútur 2: Hrúthagi: Deiliskipulag

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi fyrir 22,7 ha spildu úr landi Hrúthaga sem liggur upp að Bugavegi. Ný spilda kallast Hrútur 2 og er fyrirhugað að byggja þar íbúðarhús, gestahús og útihús á tveimur afmörkuðum byggingarreitum.

Skipulagsnefnd mælir með að deiliskipulagið verði auglýst sk. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita þarf að nýju umsagnar Vegagerðarinnar vegna aðkomu að landinu.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 12 1509056 - Kálfholt 165294: Ný íbúðarhúsalóð: Deiliskipulag

Lögð fram beiðni um heimild til að vinna deiliskipulag á um 2 ha spildu sem fyrirhugað er að skipta út úr Kálfholti (Inr. 165294) í Ásahreppi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að unnið verði deiliskipulag fyrir 2 ha lóð fyrir íbúðarhús úr landi Kálholts.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

BJJ sat hjá við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 32 1509004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-14

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. sept. s.l.

i) 27. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn 28. sept. s.l.

Lagt fram til kynningar.

5. Viðauki við fjárhagsáætlun 2015

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2015.

Viðauki 1. vegna lagningu ljósleiðara Ásaljóss.

Samþykktur viðauki að fjárhæð 20 millj. kr. vegna lagningu ljósleiðara, áætlað er að ljúka verkinu á árinu 2015.

Viðauka er mætt þannig: Fyrirsjáanlegt er að staðgreiðslutekjur verða um 12 millj. kr. hærri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir, menningarmál lækka um 500 þús. kr. og heimild er veitt fyrir hækkun á skammtímaláni um 12,0 millj. kr.

Meðfylgjandi eru töluveg yfirlit er sýna breytingu frá upphaflegri áætlun og hvernig breytingum er mætt.

Samþykkt

6. Næsti fundur hreppsnefndar

Samþykkt að næsti fundur hreppsnefndar verði 11. nóv. nk. kl. 09:00.

Til kynningar:

- A. Landssamtökin Þroskahjálþ-Þau eiga sig sjálf
- B. Samband íslenskra sveitarfélaga- helstu lykiltölur
- C. Tryggingaráðgjöf fyrir sveitarfélög
- D. Samband íslenskra sveitarfélaga -móttaka sveitarfélaga á flóttamönnum
- E. Samband íslenskra sveitarfélaga- Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga
- F. Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum
- G. 242. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands
- H. Skólaþing sveitarfélaga verður haldið mánudaginn 2. nóvember nk. á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu í Reykjavík.
- I. 15. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.
- J. 830. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- K. Samband íslenskra sveitarfélaga-minnisblað vegna fjárhagsáætlana fyrir árin 2016-2019
- L. 497. fundur stjórnar SASS
- M. Ráðstefna - Sveitarstjórnarstigið á 21. öldinni
- N. Landgræðsla ríkisins-Varnir gegn landbroti af völdum fallvatna
- O. Þjóðhagsspá 2014-2019
- P. Forsætisráðuneytið-eigendastefna fyrir þjóðlendum, verkefnalýsing
- Q. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands-Eftirlit í Leikskólanum á Laugalandi
- R. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands-Eftirlit í húsnæði Laugalandsskóla

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:20